

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-14/2016:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 11. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um barnabílstól, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá að skila barnabílstólum.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 15. febrúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum 19. febrúar. Með bréfi, dags. 29. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 14. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 8. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 30. janúar 2016 keypti álitsbeiðandi barnabílstól af seljanda fyrir kr. 39.992. Segir álitsbeiðandi að starfsmaður í verslun seljanda hafi sagt sér að hún gæti „prófað stólinn“ og skipt honum eða skilað, ef hann hentaði ekki. Einhverju síðar vildi álitsbeiðandi skipta stólum, en forsvarsmáður seljandi hafnaði því.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er m.a. bent á að við hliðina á verðmerkingu á umræddum barnabílstól í verslun seljanda sé miði, sem sé mun stærri en verðmerkingarmiðinn, þar sem komi skýrt fram að ekki sé hægt að skila né skipta bílstólum. Slíkar upplýsingar komi einnig fram við afgreiðslukassa. Þá segir seljandi að um einhvern misskilningi sé að ræða af hálfu álitsbeiðanda þar sem seljandi bjóði upp á sérstaka stóla til að prófa, en ekki sé hægt að prófa þá stóla sem séu keyptir, og skila þeim síðan.

**V**

**Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðanda barnabílstól af seljanda hinn 30. janúar 2016. Einhverjum dögum síðar vildi álitsbeiðandi skila eða skipta stólum, en því hafnaði seljandi og vísað meðal annars í merkingar bæði á stólum sem um ræðir og við afgreiðslukassa í verslun seljanda, þar sem fram kemur að barnabílstólum fái ekki skipt. Telur álitsbeiðandi sig eiga rétt til þess að kaupin gangi til baka og vísar til þess að

starfsmaður seljanda hafi sagt að hún gæti „prófað“ stólinn. Seljandi hefur hafnað þessu og sagt að um misskilning sé að ræða.

Kaup álitsbeiðanda á barnabílstól af seljanda falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að hægt sé að rifta kaupum, þannig að kaupandi skilar vöru og fær í staðinn kaupverðið endurgreitt, reynist söluhlutur haldinn galla. Í þessu tilviki er ekki fyrir að fara neinum galla á söluhlutum. Í VIII. kafla laganna er fjallað um afpöntun og skilarétt. Þar segir í 1. mgr. 42. gr. að ef söluhlutur hefur verið afhentur ber neytanda að greiða kaupverðið þrátt fyrir að hluturinn sé endursendur seljanda. Er ákvæðið í samræmi við þá meginreglu laga nr. 48/2003 um neytendakaup að skilaréttur sé ekki fyrir hendi á ógallaðri vöru. Ekki er heldur fyrir að fara öðrum lagaboðum sem leggja almenna skyldu á seljendur að veita neytendum skilarétt, ef frá er talinn réttur neytenda skv. lögum nr. 46/2000 um húsgöngu- og fjarsölusamninga, en þau lög eiga ekki við í málinu. Seljendum er þó sjálfum heimilt að skuldbinda sig til að taka við söluvörum, vilji neytendur skila þeim. Til að liðka fyrir slíku gaf Viðskiptaráðuneytið út leiðbeinandi verklagsreglur um skilarétt o.fl. árið 2000, en þær eru sem fyrr segir óbindandi. Þá verður ekki hægt að fallast á, gegn mótmælum seljanda, að félagið hafi skuldbundið sig munnlega til þess að taka aftur við barnabílstólum úr hendi álitsbeiðanda. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

## VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson